



Skilgreining grunnþjónustu á sviði fræðslumála

Hinn 10. október sl. sendu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá sér yfirlýsingu um aukið samstarf vegna stöðu efnahagsmála. Í yfirlýsingunni segir meðal annars:

Tryggja verður að grunnþjónusta hins opinbera skerðist ekki, þrátt fyrir tekjusamdrátt og kostnaðarhækkanir. Sveitarfélögin gegna afar mikilvægu hlutverki í velferðarþjónustunni á sviði fræðslu- og félagsþjónustu sem á tímum sem þessum er nauðsynlegt að njóti forgangs.

Í yfirlýsingunni felst hvatning til sveitarfélaga um að þau endurskoði fjárhagsáætlanir sínar og geri aðgerðaáætlanir þar sem forgangsöröðun verkefna miði að því að treysta stöðir grunnþjónustunnar.

Undirrituðum var falið það verkefni f.h. sambandsins að semja leiðbeiningar til sveitarfélaga um skilgreiningu grunnþjónustu á sviði fræðslumála. Við mat á því hvort verkefni flokkist sem grunnþjónusta verður einkum að horfa til þess hvort um lögbundið verkefni er að ræða og hvernig sú skylda er skilgreind í lögum. Í leiðbeiningunum er því leitast við að upplýsa sveitarfélögin um helstu lagaskyldur sem á þeim hvíla á sviði fræðslumála. Hafa verður í huga að á árinu voru sett ný lög um leikskóla og grunnskóla og er nú unnið að gerð reglugerða á grundvelli þeirra laga.

Leiðbeiningarnar ættu að geta nýst sveitarstjórnnum við forgangsöröðun útgjalda innan málaflokksins m.t.t. þess hvort um sé að ræða grunnþjónustu eða valkvæð verkefni.

Samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2007 verja sveitarfélögin tæplega 72,6 ma.kr. til fræðslu- og uppeldismála. Rekstrarkostnaður skiptist sem hér segir:

<i>Fjárhæðir í þús.kr.</i>	<i>Brúttó kostnaður</i>	<i>Nettó kostnaður</i>
Sameiginlegir liðir	1.242.382	1.164.411
Leikskólar og dagvistun barna	21.818.186	18.512.777
Grunnskólar, þ.m.t. lengd viðvera grunnskólabarna	44.768.813	41.896.082
Kostnaður vegna framhaldsskóla	292.317	291.855
Önnur fræðslustarfsemi, þ.m.t tónlistarskólar	4.014.616	3.603.880
Ýmsir styrkir og framlög	548.672	502.406

Samantekt um niðurstöður

1. **Ótvírætt er að grunnskólinn er grunnþjónustuverkefni** og útgjöld til hans eiga því að vera í forgangi við gerð fjárhagsáætlana allra sveitarfélaga. Lög um grunnskóla bjóða þó upp á ákveðinn sveigjanleika varðandi skipulag skólastarfs. Ákveðin verkefni eru áfram valkvæð og þótt skyldunám skuli vera gjaldfrjálst er gjaldtaka í ákveðnum tilvikum heimil. Sérstaklega ber að gæta að rétti nemenda til sérkennslu og aðstoð við fatlaða nemendur. Einnig er réttur nemenda til að eiga val í námi stóraukinn með nýjum lögum en þá skyldu geta skólar útfært á margvíslegan hátt.
2. **Starfsemi leikskóla verður einnig að flokka sem grunnþjónustuverkefni** en skyldur sveitarfélaga um margt ólíkar þeim lagareglum sem gilda um grunnskóla. Ekki er um að ræða afdráttarlausan rétt allra barna til þess að fá vist á leikskóla og sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um innritun þar sem m.a. má taka tillit til aðstæðna barna og foreldra. Leikskóli er ekki skyldunám og hefur því nokkra sérstöðu sem fyrsta skólastigið. Gjaldtaka er heimil fyrir leikskólavist en flest sveitarfélög innheimta gjald sem er langt innan þess ramma sem lög um leikskóla heimila. Þar sem lög kveða ekki á um annað er sveitarstjórnnum heimilt að takmarka leikskólavist barna við tiltekinn klukkustundafjölda á viku. Sérstaklega ber að gæta að rétti nemenda til sérkennslu og aðstoð við fatlaða nemendur. Aðalnámskrá felur í sér minni stýringu en gildir um grunnskóla.
3. **Rekstur tónlistarskóla og stuðningur við tónlistarfræðslu er valkvætt verkefni sveitarfélaga.** Tónlistarskólar eru ekki hluti af almenna skólakerfinu og hvergi er í lögum kveðið á um rétt almennings til þess að stunda tónlistarnám. Ekki getur stofnast til skuldbindinga af hálfu sveitarfélaga gagnvart tónlistarskólum nema til þess sé heimild í fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn er heimilt að binda fjárhagslegan stuðning sinn við tiltekna hópa nemenda á grundvelli málefnaþregra sjónarmiða, t.d. með hliðsjón af aldri og námsframvindu.

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs

Leiðbeiningar til sveitarfélaga um forgangsröðun

útgjalda á sviði fræðslumála

Í þessum leiðbeiningunum er leitast við að upplýsa sveitarfélögin um helstu lagaskyldur sem á þeim hvíla á sviði fræðslu- og uppeldismála. Hafa verður í huga að á árinu voru sett ný lög um leikskóla og grunnskóla og er nú unnið að gerð reglugerða á grundvelli þeirra laga þar sem skyldur sveitarfélaga og réttindi nemenda og foreldra eru útfærð nánar. Einnig verða gefnar út nýjar aðalnámskrár fyrir bæði skólastigin. Leiðbeiningarnar munu því fljótlega þarfnast endurskoðunar þannig að samræmi verði milli þeirra og ákvæða reglugerða.

1. Grunnskólar

Ný lög um grunnskóla nr. 91/2008

Árið 2008 voru sett ný lög um grunnskóla nr. 91/2008. Samkvæmt lögum er grunnskólinn 10 ára skóli sem börnum og unglingum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja. Löginn kveða m.a. á um skyldu foreldra til að sjá um að börn þeirra innritist og sæki skóla. Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá öllum börnum á skólaskylduáldri sem þar eiga lögheimili fyrir skólavist. Kennsla í skyldunámi skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Stefna stjórnvalda er sú að fatlaðir nemendur stundi nám með öðrum nemendum eftir því sem kostur er. Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í heimaskóla nema foreldrar og sérfræðingar skóla meti aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að vera í sérskóla eða heilsu hans sé þannig farið að ekki verði komist hjá vistun fjarri heimili.

Þótt löginn séu hugsuð sem rammalög eru ákvæði þeirra umtalsvert ítarlegri en ákvæði eldri grunnskólalaga. Ákveðin verkefni skv. grunnskólalögum eru þó áfram valkvæð, sbr. einkum 33. gr. laganna, þar sem segir að sveitarstjórn getur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma, eftir atvikum gegn gjaldi sem ekki má þó vera hærra en sem nemur kostnaði.

Grunnskólinn er grunnþjónustuverkefni

Ótvírætt er að grunnskólinn er grunnþjónustuverkefni og hljóta útgjöld til hans að vera í forgangi við gerð fjárhagsáætlana allra sveitarfélaga. Löginn bjóða þó upp á ákveðinn sveigjanleika varðandi skipulag skólastarfs, t.d. varðandi samrekstur leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í einni stofnun og undir stjórn eins skólastjóra, sbr. 45. gr. laganna.

Skyldunám skal vera gjaldfrjálst

Samkvæmt 31. gr. laganna skal kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum veitt nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi. Sama á við ef nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum er skilgreint sem hluti náms í grunnskóla. Þó er

opinberum aðilum ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír. Gjaldtaka er þó heimil vegna:

- skólamáltíða, sbr. 23. gr.
- lengdrar viðveru, sbr. 2. mgr. 33. gr.
- upphalds í námsferðum nemenda, sbr. 4. mgr. 31. gr.

Skipulag grunnskólanáms - Aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá

Í aðalnámskrá, sbr. 24. og 25. gr. laganna, er kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla en hver grunnskóli ákveður hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Í aðalnámskrá skal skilgreina þekkingar- og hæfnipætti á hverju námssviði. Í aðalnámskrá er kveðið á um inntak og skipulag grunnskólustarfs og má segja að í aðalnámskrá felist ákveðinn mælikvarði um gæði skólustarfs.

Í grunnskólalögum er lögð mikil áhersla á sveigjanleika í námsleiðum og námsaðferðum innan grunnskólans. Hver grunnskóli skal setja skólanámskrá, sem er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólustarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.¹

Nám samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er skyldunám og því ekki um undanþágur að ræða frá aðalnámskrá. Þó eru í grunnskólalögum nokkur ákvæði sem heimila undanþágur frá skyldunámi og fyrirmælum aðalnámskrár:

- Meginreglan er sú að börn byrja í grunnskóla á því almanaksári sem þau ná sex ára aldri. Samkvæmt grunnskólalögum má þó flýta eða seinka skólabyrjun í sérstökum tilvikum. Skólastjóri getur heimilað að barn hefji skólagöngu fimm ára eða sjö ára ef foreldrar og forráðamenn fara fram á það og sérfræðiþjónusta skóla mælir með því.
- Grunnskólalög heimila einnig að nemandi ljúki öllu námi grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum. Hér er átt við að mjög dugmiklir nemendur geti útskrifast úr grunnskóla einu eða jafnvel tveimur árum fyrr en aldur þeirra segir til um.
- Skólastjóra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Enn fremur er skólastjóra heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms.
- Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu

¹ Ný aðalnámskrá grunnskóla tók gildi 1. ágúst 2007 og skal hún að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt fellur aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 úr gildi. Vegna gildistöku nýrra grunnskólalaga verður aðalnámskráin endurnýjuð á næstu misserum.

þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Valgreinar

Í 26. gr. laganna er kveðið á um stóraukinn rétt nemenda til að eiga val í námi. Allir nemendur skulu eiga val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Í 8., 9. og 10. bekk skulu nemendur eiga kost á vali um námsgreinar og námssvið í um þriðjung náms tímans. Þá skulu grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Þar sem í lagagreininni er kveðið á um rétt nemenda verða stjórnendur grunnskóla að gera ráð fyrir valgreinum við skipulag skólahalds og gerð fjárhagsáætlana.

Hafa verður í huga að hægt er að útfæra þessa skyldu á ýmsan hátt. Til dæmis er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólustarfs. Hluti náms getur einnig verið fjarnám og netnám. Loks skal bent á að ef nemandi stundar nám í framhaldsskólaáfangi sem valgrein eða hluta af skyldunámi getur grunnskóli sótt um styrk úr námsgagnasjóði vegna kaupa á námsefni.

Sérkennsla og aðstoð við fatlaða nemendur

Í 17. gr. laganna er kveðið á um rétt nemenda til stuðnings í námi. Meðal annars er mælt fyrir um að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sérþækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Reglugerð um sérkennslu er nr. 389/1996. Sveitarstjórn skal sjá til þess að börn á grunnskólaaldri sem þurfa á sérkennslu að halda fái kennslu við sitt hæf, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar. Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Slík kennsla getur tengst störfum í atvinnulífinu ef henta þykir. Í 16.–18. gr. reglugerðarinnar kemur fram að sérkennsla skal innt af hendi af sérkennara eftir því sem við verður komið, eða undir umsjón sérkennara ef betur þykir henta að nemandi fái sérkennslu hjá umsjónarkennara eða öðrum kennurum. Sveitarstjórn getur samið við aðrar sveitarstjórnir um að fela kennara sérkennslu í skólum í fleiri en einu sveitarfélagi. Einnig getur sveitarstjórn ráðið uppeldisfulltrúa til að aðstoða fatlaða nemendur í grunnskóla ef skólastjóri telur það nauðsynlegt. Drög að endurskoðaðri reglugerð hafa ekki enn borist sambandinu.

Sérkennsla í grunnskólum telst til grunnþjónustu og ber sveitarfélögum að lágmarki að gera ráð fyrir kostnaði vegna hennar í samræmi við reglugerð um sérkennslu. Sérkennsla í grunnskólum skal unnin eftir áætlun sem samin er ár hvert og samþykkt er af sveitarstjórn áður en til framkvæmda kemur. Áætlun um sérkennslu í grunnskóla skal samin af skólastjóra eða umsjónarmanni sérkennslu samkvæmt nánari fyrirmælum skólastjóra og í samvinnu við nemendaverndarráð, ef það er starfandi. Áætlun um sérkennslu skal taka til námsáætlunar fyrir námshópa og einstaka nemendur eftir því sem við á. Ennfremur skal áætlunin taka til annarra tengdra starfa vegna fatlaðra nemenda, sbr. 14. gr. Í 27. gr. reglugerðarinnar segir að sveitarstjórn skuli við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins gera ráð fyrir fjárveitingum til sérkennslu í grunnskólum sem miðast við að til ráðstöfunar í hverri kennsluviku verði sem svarar 0,25 kennslustundum á fyrstu 1.700 nemendur í sveitarfélagi og 0,23 kennslustundum á hvern nemanda umfram 1.700.

Sérfræðiþjónusta og skólaheilsugæsla

Í 40. gr. laganna er kveðið á um sérfræðiþjónustu grunnskóla, sem útfæra skal nánar skv. reglugerð sem ekki hefur enn verið sett. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Nýmæli er í lögunum um að í grunnskólum skal frá upphafi skólagöngu nemenda unnið að forvarnastarfi með skimunum og athugunum á nemendum til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi. Auk þess skal fara fram greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Einnig skulu nemendur njóta skólaheilsugæslu, sbr. 41. gr. laganna².

Líta verður á sérfræðiþjónustu sem grunnþjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita í grunnskólum. Sveitarfélög ákveða skipulag þjónustunnar og er þeim heimilt að hafa með sér samstarf um starfrækslu sérfræðiþjónustu.

Skólaakstur

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum, sbr. 22. gr. laganna. Ráðherra setur nánari reglur um tilhögun skólaaksturs í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þær reglur hafa ekki enn verið settar. Skólaakstur skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

Tómstundastarf, lengd viðvera grunnskólabarna og námsferðir

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi, sbr. 33. gr. laganna. Tómtunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma. Sveitarfélögum er

² Laun starfsmanna við skólaheilsugæslu og sérgreindur kostnaður við þessa starfsemi greiðist sem annar kostnaður við rekstur almennrar heilsugæslu á heilsugæslustöð en sveitarfélög standa straum af stofnkostnaði og rekstri húsnæðis í skólum fyrir starfseminna.

heimilt að taka gjald fyrir lengda viðveru utan daglegs kennslutíma og tómskundastarf samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Samkvæmt 4. mgr. 31. gr. er óheimilt að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Þó er heimilt að taka gjald fyrir uppihald í námsferðum nemenda, að höfðu samráði við foreldra.

Þar sem ekki er kveðið nánar á um umrædda þætti skólustarfs í lögum eða aðalnámskrá má álykta að sveitarfélögum og einstökum grunnskólum sé frjálst að ákveða hvernig tómskundastarfi og námsferðum nemenda er hagað. Einnig er ljóst að sveitarfélög hafa val um það hvort boðið er upp á lengda viðveru utan daglegs kennslutíma. Ekki verður talið að um grunnþjónustu sé að ræða þótt skilja verði umrædd lagaákvæði svo að gert sé ráð fyrir að bæði námsferðir og tómskundastarf séu nauðsynlegir þættir í grunnskólustarfi.

2. Leikskólar

Ný lög um leikskóla nr. 90/2008.

Árið 2008 voru einnig sett ný lög um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu, fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri, sbr. 1. gr. laganna. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla, hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólalahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólustarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólalahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum, sbr. 4. gr. laganna.

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er einnig að finna ákvæði um leikskóla. Í 32. gr. laganna segir jafnframt að sveitarfélög annist uppbyggingu og rekstur leikskóla. Í 30. gr. sömu laga segir að félagsmálanefnd skuli sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða, t.d. leikskóla og tómskundaiðju. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af.

Leikskólinn er grunnþjónustuverkefni

Þótt starfsemi leikskóla verði að flokka sem grunnþjónustu eru skyldur sveitarfélaga um margt ólíkar þeim lagareglum sem gilda um grunnskóla. Leikskóli er ekki skyldunám og hefur því nokkra sérstöðu sem fyrsta skólastigið. Gjaldtaka fyrir hvert barn má ekki vera hærrí en sem nemur meðalraunkostnaði við dvöl í leikskólum á vegum sveitarfélagsins. Flest sveitarfélög innheimta gjald sem er langt innan þess ramma sem lögin heimila.

Ekki er um að ræða afdráttarlausan rétt allra barna á leikskólaaldri til þess að fá vist á leikskóla. Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, þar sem heimilt er að taka annars vegar tillit til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn getur til dæmis sett reglur um forgangsörð tiltekinna aldurshópa barna eða barna tiltekinna hópa foreldra til lausra leikskólaplássna. Þar sem lög kveða ekki á um annað er sveitarstjórnnum heimilt að takmarka leikskólavist barna við tiltekinn

klukkustundafjöldi á viku. Í 27. gr. laganna er sveitarstjórn heimilað að ákveða gjaldtöku fyrir leikskólavist.

Húsnæði og fjöldi barna

Við ákvörðun um fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps. Ráðherra setur reglugerð um starfsumhverfi leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um öryggi barna og slysavarnir, um lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar barna og starfsfólks, um lengd daglegs dvalartíma barna og um aðstöðu vegna þjónustu við börn með sérþarfir. Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla hefur ekki verið sett en í lögum nr. 90/2008 er horfið frá viðmiðum um barngildi. Ætlunin með þeirri breytingu er þó ekki sá að fjölga börnum á leikskólum.

Aðalnámskrá, skólanámskrá og starfsáætlun.

Ráðherra setur leikskólum aðalnámskrá. Í henni koma fram helstu markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla. Gildandi aðalnámskrá er frá árinu 1999. Námsvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námsviðin skarast og þau eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og er m.a. ætlað að þjóna sem viðmiðun við mat á leikskólastarfi og menntun leikskólakennara og tryggja gæði leikskóla og jafna uppeldisaðstöðu barna.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Þar sem ekki er um skyldunám að ræða hafa leikskólar mjög mikið frelsi til að móta eigin áherslur um skipulag leikskólastarfs. Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans.

Skipulag sérfræðipjónustu.

Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðipjónusta fyrir leikskóla, sbr. 21. gr. laganna. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðipjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla. Sérfræðipjónusta fyrir leikskóla getur verið rekin sameiginlega með grunnskóla. Þá geta sveitarfélög sameinast um slíkan rekstur eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er fyrir hverju sinni. Ráðherra setur reglugerð um sérfræðipjónustu leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sérfræðipjónusta, sérkennsla og önnur nauðsynleg aðstoð við nemendur á leikskólum telst til grunnþjónustu þótt ekki sé jafn nákvæmlega kveðið á um veitingu þjónustunnar eins og í grunnskólum. Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans, sbr. 22. gr. laganna. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu

sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðipjónustu í samráði við foreldra.

Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir. Við framkvæmd sérfræðipjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfelli í skólastarfi að leiðarljósi.

Skólaakstur, máltíðir og vettvangsferðir

Öfugt við lög um grunnskóla eru engin ákvæði í leikskólalögum um skyldu sveitarfélaga til að skipuleggja skólaakstur. Ekki eru heldur ákvæði í lögnum um vettvangsferðir leikskólabarna en í aðalnámskrá leikskóla er hins vegar kveðið á um skyldu til að fara í náttúruskoðunarferðir, skoðunarferðir um nágrenni leikskólans og heimsóknir í þjónustu- og menningarstofnanir. Almennt er innheimt gjald fyrir málsverði leikskólabarna samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur.

3. Tónlistarskólar

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985

Um starfsemi tónlistarskóla fer skv. lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla en endurskoðun laganna stendur nú yfir í menntamálaráðuneytinu.

Fyrirkomulag tónlistarfræðslu er mismunandi eftir sveitarfélögum. Mörg sveitarfélög reka tónlistarskóla, ýmist ein eða í samstarfi við önnur sveitarfélög eins og heimilt er skv. 2. gr. laganna. Á höfuðborgarsvæðinu er hins vegar algengara að stuðningur sveitarfélaga við tónlistarfræðslu byggist á 10. gr. laganna, sem kveður á um að tónlistarskólar, sem ekki eru reknir af sveitarfélögum skuli fá greiddan úr sveitarsjóði launakostnað kennara og skólastjóra í samræmi við rekstraráætlun og þær breytingar sem verða á launatöxtum í samræmi við kjarasamninga.

Tónlistarskólar sem rétt eiga á stuðningi

Með tónlistarskóla er átt við skóla sem hefur a.m.k. einn fastan kennara auk stundakennara, starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum, kennir samkvæmt aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla og hefur hlotið sérstakt samþykki menntamálaráðuneytisins og samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Þeir skólar sem ekki uppfylla þessi skilyrði eiga ekki rétt á opinberum stuðningi á grundvelli laganna.

Tónlistarskólar skulu senda áætlun um kennslu á næsta fjárhagsári til viðkomandi sveitarstjórnar eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal jafnframt í greinargerð skýra fyrirhugaðar breytingar á kennslu og kennslumagni. Sveitarstjórn skal taka afstöðu til áætlunar skólans og gera samkomulag við skólastjórn um kennslu og starfsmannahald fyrir 1. júlí ár hvert, sbr. 8. gr. laganna. Í 11. gr. laganna segir að tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.

Tónlistarfræðsla er ekki grunnþjónusta

Rekstur tónlistarskóla og þátttaka í kennslukostnaði hjá sjálfstætt reknum tónlistarskólum hefur fram til þessa verið valkvætt verkefni sveitarfélaga. Tónlistarskólar eru ekki hluti af almenna skólakerfinu og hvergi í lögum er kveðið á um rétt almennings til þess að stunda tónlistarnám. Af 8. gr. laga nr. 75/1985 má draga þá ályktun að sveitarstjórn þarf að samþykkja rekstraráætlun viðkomandi tónlistarskóla. Í þeirri samþykkt felst skuldbindandi samþykkt um fjárhagsstuðning á komandi skólaári. Einnig verður að draga þá ályktun af 2. mgr. 61. gr. og 3. mgr. 65. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að ekki geti stofnast til skuldbindinga af hálfu sveitarfélaga gagnvart tónlistarskólum nema heimild sé til staðar í fjárhagsáætlun sveitarfélags. Sveitarstjórn getur því í fjárhagsáætlun minnkað eða aukið það fjármagn sem sveitarfélag ráðstafar til stuðnings við tónlistarfræðslu á komandi ári og verða tónlistarskólar að laga rekstur sinn samkvæmt því á næsta skólaári.

Sveitarfélagi er jafnframt heimilt að binda fjárhagslegan stuðning sinn við tiltekna hópa nemenda með setningu almennra reglna um forgangsörðun, svo sem með hliðsjón af aldri nemenda og námsframvindu. Um slíkar reglur sveitarfélags fjallaði umboðsmaður Alþingis í áliti sínu frá 3. apríl 2007 og komst hann að þeirri niðurstöðu að sveitarstjórn gæti sett slíkar reglur á grundvelli málefnalegra sjónarmiða.